

Rotundum.

Þetta verk var samið haustið 1978 fram í janúar árið 1979. Það er u.þ.b. 21 mín. að lengd, í einum kafla og er tileinkað Óskari Ingólfssyni klarínattleikara. Óskar frumflutti verkið í Amsterdam vorið 1979. Nafn verksins er fengið að láni hjá alkemistum sem notuðu þetta orð stundum til að lýsa ákveðinni þéttingu eða hreinsun sem varð í tilraunaglösum þeirra. Sumir segja að það hafi ekki bara verið gullmálmur sem þeir sóttust eftir heldur hafi smátt og smátt runnið saman fyrir þeim leitin að gullgerðarformúlunni og löngunin til að skilja sinn innri mann þangað til á endanum að efnið var orðið það sama og andinn, gull hið sama og sálarfriður.

Rotundum.

This piece was composed between 1978 and January 1979. It is approximately 21 minutes long, written in one movement, and is dedicated to the clarinetist Óskar Ingólfsson, who premiered it in Amsterdam in the spring of 1979.

The title *Rotundum* was borrowed from the alchemists, who sometimes used the word to describe a certain consolidation or purification that took place in their test tubes. Some say the alchemists were not merely searching for gold, but that their quest—and their longing to understand the soul—gradually became one and the same. In the end, matter was the same as spirit, and gold the same as inner peace.